SSNV 30

Í FRÉTTUM ER

# ÞETTA HELST

# JÚLÍ

## VERÐANDI Í HLAÐVARPI

Þuríður Helga og Sólveig hjá Verðandi endurnýtingarmiðstöð á Hofsósi sögðu frá starfi sínu í hlaðvarpinu Fólkið á Norðurlandi vestra.

## GÓÐAR HEIMTUR ÚR ORKUSJÓÐI

14 aðilar á Norðurlandi vestra hlutu styrk úr Orkusjóði til verkefna tengdum bættri orkunýtingu, minnkun olíunotkunar og uppsetningar hleðslustöðva í landshlutanum.

## GÖNGU-LEIÐIR

Við minntum á þær fjölmörgu gönguleiðir sem stikaðar voru á sl. 2 árum í tengslum við áhersluverkefni stóknaráætlunar Norðurlands vestra. Leiðirnar eru aðgengilegar á Wikiloc.

## TEXTÍLLAB Í HLAÐVARPI

Margrét Katrín verkefnastýra Textíllabs á Blönduósi sagði frá þeirri vinnu sem fer fram í labinu. Þar eru tæki til ýmiskonar textílvinnslu en Textíllabið er eina sinna tegundar á landinu.

## LEITAÐ AÐ FRKV. STJÓRA

Unnur Valborg framkvæmdastjóri SSNV sagði starfi sínu lausu og var auglýst eftir framkvæmdastjóra í hennar stað. Umsóknarfrestur var til 2. ágúst 2022

## FÁÐU AÐSTOÐ

Með haustinu opnast fyrir fjölda styrkjamöguleika. Við munum kynna vel þá styrki sem verða í boði og hvetjum fólk til að hafa samband við ráðgjafa okkar sem fyrst til að fá aðstoð við styrksumsóknir. Við erum til þjónustu reiðubúin.

## TOURBIT

Þrátt fyrir sumarfrí rúlla þau erlendu samstarfsverkefni sem við erum aðilar að áfram. Þar á meðal Tourbit en verkefnið lýtur að nýtingu tæknilausna í ferðaþjónustu.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2022

FYRIR NORÐURLAND VESTRA